

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **16-006F002**

Dags: **13. febrúar 2016**

Staður: **Flugvöllurinn á Hólmavík**

Lýsing: **Lenti á snævi þaktri flugbraut og hafnaði á bakinu**

Flugmaður á flugvél TF-GHG ásamt farþega sem einnig var með flugmannsréttindi, áætlaði að fljúga frá Reykjavík til Hólmavíkur. Þegar til Hólmavíkur var komið var flugbrautin þakin snjó og flaug flugmaðurinn yfir flugvöllinn til að kanna aðstæður. Flugmaðurinn og farþeginn mátu það svo að mögulegt væri að lenda á flugvellinum. Skömmu eftir landingu grófst hjólabúnaður flugvélarinnar í snjó með þeim afleiðingum að flugvélin hafnaði á bakinu.



RNSA telur að ekki hafi verið aðstæður til landingar á flugvellinum og lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.